

**Aðalfundur Foreldrafélags Sunnulækjarskóla**

**31. maí 2018**

Kaffistofu kennara í Sunnulækjarskóla

kl. 20:00

Fundarstjóri: Sigrún Sighvatsdóttir

### Skýrsla stjórnar

Nú er skólaárinu 2017-2018 senn að ljúka og tímabært að fara yfir störf Foreldrafélagsins í vetur. Á fyrsta fundi vetrarins þann 28. ágúst var ný stjórnarskipan á þessa leið:

Formaður: Kristjana Sigríður Skúladóttir

Gjaldkeri: Sigurður Ástgeirsson

Ritari: Anna Rósa Einarsdóttir

Meðstjórnendur: Margrét Anna Guðmundsdóttir, María Berg Guðnadóttir og Urður Skúladóttir

Á fyrsta fundi stjórnar var ákveðið að félagsgjöldin yrðu óbreytt fyrir þennan vetur, en þau voru 1000 kr. á fjölskyldu, óháð fjölda barna.

Helstu breytingar sem hafa orðið á starfi félagsins eru þær að við tökum nú þátt í síauknum mæli og með markvissari hætti í starfi Samborgar, sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaga í Árborg og sveitarfélagsins. Það birtist helst í því að öll fræðsluerindi og viðburðir eru nú skipulagðir undir merkjum Samborgar og auglýstir þannig að þeir standi öllum foreldrum og forráðamönnum til boða óháð því í hvaða skóla barnið stundar nám eða hvar viðburðir fara fram. Sömuleiðis er kostnaði við þessa viðburði deilt á þessa aðila.

## **Eftirfarandi er samantekt þeirra viðburða sem Foreldrafélagið, í samstarfi við Samborg stóð fyrir í vetur:**

**8. nóvember** var fyrsta fræðsluerindi vetrarins á dagskrá – Hvernig líður börnunum okkar? Súpu- og fræðslufundur fyrir foreldra og forráðamenn sem haldinn var í FSu. Heimili og skóli og Rannsóknir og greining í samstarfi við Samborg, FSu og grunnskóla í Árborg buðu upp á fræðslu fyrir foreldra nemenda í 8.-10. bekk og ungmenna undir 18 ára þar sem farið var yfir nýjustu niðurstöðu rannsókna á líðan og velferð unglunga í Árborg. Um 60 manns sóttu fundinn.

**22. nóvember** – Hugarflugsfundur í Sunnulækjarskóla um skólastefnu Árborgar – opinn öllum þar sem endurskoðun á skólastefnu Árborgar var til umfjöllunar. Súpa í boði Fræðsluviðs Árborgar.

**29. nóvember** – Kakófundur í Sunnulækjarskóla – umfjöllunarefnið var forvarnir. Til okkar kom Eyjólfur Örn Jónsson, sálfræðingur sem fjallaði um tölvufíkn unglunga, hegðun, hættumerki, leiðir og lausnir fyrir foreldra. Magnús Stefánsson, fræðslufulltrúi, frá Marita fræðslunni kom og fjallaði um stöðuna á fíkniefnaneyslu unglunga. Að auki kom fulltrúi frá Barnavernd Félagsþjónustunnar í Árborg og fjallaði um líðan og hegðun barna og unglunga, sem og fulltrúi frá lögreglunni. Boðið var uppá heitt súkkulaði, smákökur, Nóa-konfekt og niðurskorna ávexti. Á milli 120 og 130 manns mættu.

**27. febrúar** stóð Samborg fyrir fræðsluerindi í Vallaskóla þar sem Erla Björnsdóttir, sálfræðingur kom og fjallaði um mikilvægi svefnis fyrir líkamlega og andlega heilsu með sérstökum áherslum á svefn barna og unglunga. Áhugaverður og fræðandi fyrirlestur sem á milli 60 og 70 manns sóttu og boðið var uppá léttu hressingu, niðurskorna ávexti, kökur og kaffi.

**17. maí** var svo síðasta fræðsluerindi vetrarins í Sunnulækjarskóla þar sem Anna Margrét Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur kom og fjallaði um rafrettur, kynnti hvaða upplýsingar og niðurstöður rannsókna liggja fyrir um áhrif, virkni og skaðsemi þeirra. Að auki kom til okkar Einar Þorfinnsson, lögreglumaður og fjallaði ítarlega um stöðuna á unglungunum okkar hér í Árborg. Mjög svo fróðlegt erindi og því mikil synd að einungis um 15 manns sáu sér fært að mæta. Við viljum meina að veðrið hafi haft mikil áhrif en það var óvenjuleiðinlegt þetta kvöld, sem og dagsetningin, en þegar liðið er svona langt á veturinn þá teljum við takmarkaðri grundvöll fyrir svona fræðslufundi heldur en á miðjum vetri.

## Önnur störf sem Foreldrafélagið sér um eru svo eftirfarandi:

Foreldrafélagið sér um utanumhald tenglastarfsins og tenglafundur var á dagskrá í byrjun október. Þangað voru boðaðir allir tenglar úr öllum árgöngum Sunnulækjarskóla. Fundurinn var haldinn í Félagsmiðstöðinni Zelsíuz þar sem tenglarnir fengu einnig kynningu á starfinu þar og aðstöðunni sem stendur til boða. Foreldrafélagið kynnti einnig tenglastyrk en allir árgangar geta fengið styrk upp á 10.000 krónur sé þess óskað. Styrkurinn er hugsaður til að mæta mögulegum kostnaði eða niðurgreiða uppfallandi kostnað með það að markmiði að halda kostnaði við þátttöku í tenglastarfi í algjöru lágmarki. Skilyrði fyrir tenglastyrk er að peningurinn sé notaður eingöngu í viðburði árganga og ef einhver búnaður er keyptur þá verði hann eftir í skólanum svo næstu árgangar geti nýtt hann áfram. Aftur á móti hefur borið á því að tenglar skipuleggja viðburði og ferðir sem eru e.t.v. í dýrari kantinum og höfum við í Foreldrafélaginu fengið ábendingar þess efnis, að þátttaka í viðburðum kosti stundum of mikinn pening og séu stundum auglýstir með litlum fyrirvara. Þetta er eitthvað sem þarf að brýna vel fyrir tenglum komandi ára. Í febrúar kölluðum við svo eftir stöðu á tenglastarfi frá öllum tenglum, aðallega til að hvetja þá sem höfðu lítið eða ekkert gert í vetur til að bæta úr því og eins til að minna á tenglastyrkinn. Fimm árgangar nýttu sér tenglastyrkinn þennan veturinn.

Foreldrafélagið afhendir öllum nemendum í fyrsta bekk endurskinsvesti til eignar. Þau voru afhent börnunum í kennslustund í lok október og þá fengum við lögregluna í lið með okkur sem fór yfir það með börnunum hversu mikilvægt það er að vera sýnileg í umferðinni í skammdegisrökrinu – vestin voru öll sérmerkt með nafni fyrir afhendingu og vakti það mikla lukku – hversu mörg?

Forvarnarröltið sem við komum af stað á ný eftir nokkurra ára hlé, í mars á síðastliðnum vetri, hóf göngu sína aftur á haustmánuðum, alltaf á föstudagskvöldum klukkan 22:00 frá Pylsuvagninum. Því miður voru það að miklu leyti stjórnarmeðlimir ásamt ákveðnum, fámennum kjarna sem héldu forvarnarröltinu uppi og illa gekk að virkja fleiri. Fyrir jólin var svo ákveðið að setja röltið í pásu um óákveðinn tíma og höfum við ekki tekið það upp að nýju.

Fundur með skólastjóra var haldinn 20. febrúar og þar fórum við yfir fjölmörg mál. Áður höfðum við kallað eftir ábendingum og umræðupunktum frá foreldrum um þá þætti sem þeir óskuðu eftir að við færum yfir. Fjölmargar ábendingar bárust og fundur af þessu tagi hugsaður til að auka enn frekar samband og samskipti Foreldrafélags, foreldra og skólastjórnenda.

Foreldrafélagið styrkti svo ferðasjóð 10. bekkjar um 100.000 krónur sem greiðslu fyrir gæslu í frímínútunum en nemendur 10. bekkjar skipta á milli sín umsjón og gæslu með yngri nemendum í frímínútum. Þeir voru samviskusamir og ábyrgir í því hlutverki í vetur.

Að auki styrkti Foreldrafélagið 9. bekk um 62.000 krónur til þátttöku í svokölluðu dúkkuverkefni en þá fá nemendur heim með sér smábarnahermi sem þeir þurfa að annast eina helgi.

Útgáfa fréttabréfa var í algjöru lágmarki þennan vetur en eitt fréttabréf var gefið út í nóvember og því miður fórst fyrir að taka saman fréttabréf fyrir vorönnina. Útgáfa fréttabréfa er engu að síður mjög nauðsynlegur hluti af starfi Foreldrafélagsins til að halda hlutverki félagsins á lofti og upplýsa foreldra og forráðamann um það mikilvæga starf sem fer þar fram og því mikilvægt að þessi þáttur verði bættur á komandi vetri.

Fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Sunnulækjarskóla langar mig að þakka foreldrum og starfsfólki Sunnulækjarskóla fyrir góð samskipti og samvinnu og sömuleiðis fyrir þátttöku í því starfi sem við höfum staðið fyrir í vetur. Að auki hvet ég alla foreldra til að taka virkan þátt í foreldrastarfinu hvort sem það er með því að vera bekkjartengill, bjóða sig fram í stjórn eða einfaldlega mæta á þá viðburði sem standa til boða.

Takk fyrir,

Kristjana Sigríður Skúladóttir,

Formaður Foreldrafélags Sunnulækjarskóla veturinn 2017-2018